



Til: skuli.thoroddsen@os.is

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Landeigenda Hafnardal við Ísafjarðardjúp um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hafnardalsár við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð

Upplýsingar: Sent: 15/04/2015 16:16:03 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015040001, Bréfalyklar: 42-0 almennt

---

Tilvísun í mál: 2015040001

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landeigenda Hafnardal við Ísafjarðardjúp um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hafnardalsár við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Eftir því sem Náttúrufræðistofnun kemst næst hafa hugmyndir um virkjun Hafnardalsá ekki verið teknar fyrir í rammaáætlun 1. eða 2. áfanga og eru heldur ekki á lista yfir virkjanir í 3. áfanga rammaáætlunar enda stærð virkjunarinnar innan þeirra marka sem þar er gert ráð fyrir.

Umrætt svæði er ekki verndað sérstaklega, ekki á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að gefið sé út rannsóknaleyfi fyrir rannsóknir vegna áætlana um virkjun í Hafnardalsá. Stofnunin bendir engu að síður á takmarkanir sem geta átt við vegna umfangs rannsókna í tengslum við framkvæmdaleyfi, lög um mat á umhverfisáhrifum eða lög um náttúruvernd eftir því sem við á, s.s. vegna aksturs utan vega, og þess gætt að valda sem minnstu raski vegna rannsókna.

Virðingarfyllt.

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

